



Fundargerð stjórnar (2)

Fundur stjórnar Hjallastefnunnar var haldinn sem fjölfundur á Zoom miðvikudaginn 7. apríl 2021 og hófst kl. 16:00.

Fundinn sátu: Helga Jónsdóttir, Margrét Pála Ólafsdóttir, Margrét Theodórsdóttir, Guðmundur Kristjánsson og Matthías Matthíasson. Jafnframt sat Katrín Dóra Þorsteinsdóttir framkvæmdastjóri fundinn og ritaði fundargerð.

Dagskrá

1. Fundargerð síðasta fundar. Samþykkt.

2. Stjórnir dótturfélaga (undir liðnum önnur mál)

HJ upplýsti stjórn um að ekki hafi verið kosið í stjórnir dótturfélaga á aðalfundi móðurfélagsins. Æskilegt sé að samstæðan, þ.e. móðurfélagið og dótturfélagin þrjú, hafi sömu stjórnarmenn a.m.k. meðan endurskoðun á samþykktum og starfsreglum stendur yfir.

Stjórnarmenn samþykktu allir að gefa kost á sér í stjórn dótturfélaganna. HJ og KDP falið að undirbúa nauðsynleg skjöl og gögn vegna dótturfélaganna og leggja þau fyrir stjórn því til staðfestingar.

3. Starfsreglur stjórnar

HJ yfirfór drög að starfsreglum stjórnar sem lágu fyrir fundinum. MPÓ fagnaði drögunum, og gerði grein fyrir ábendingum sem hún hafði tekið saman fyrir fundinn.

Stjórnarmenn voru beðnir að fara yfir drögin hver fyrir sig og senda inn athugasemdir og ábendingar þannig að fara megi yfir þær fyrir næsta stjórnarfund, þegar málið verður aftur á dagskrá. (tillaga að senda þær til KDP fyrir mánudaginn 19. apríl).

4. Tímabundin ráðning framkvæmdastjóra og starfslýsing

Stjórn var kynntur ráðningarsamningur sem fyrri stjórn gerði við framkvæmdastjóra. Þar átti eftir að staðfesta upphæð vegna akstursgreiðslna.

Stjórn samþykkti að greiða kr. 75 þúsund á mánuði í akstursgreiðslur.

Drög starfslýsingar voru kynnt og verða þau til afgreiðslu á seinni fundum.

5. Sumargjöf starfsfólks Hjallastefnunnar

Í samræmi við tillögu í minnisblaði KDP og MPÓ samþykkti stjórn að verja allt að kr. 8.000.000 í sumargjöf til starfsfólks vorið 2021.

6. Endurbætur loftgæða í Barnaskólanum í Hafnarfirði

Kynnt var skýrsla fyrrverandi umsjónarmanns húsnæðis um loftgæðamælingar og áætlun og tilboð frá Teknik um endurbætur. Heildarkostnaður kr. 35.700.000 og verkinu áfangaskipt á þrjú ár.

Stjórn veitti framkvæmdastjóra heimild til að hefjast handa við undirbúning. Óskaði stjórn eftir samráði framkvæmdastjóra við skólastjórnendur til að leita einfaldari leiða en framlagt tilboð byggist á. Aflað verði nýs tilboðs frá Teknik með endurskoðun á forsendum, t.d. varðandi fjölda barna í húsnæðinu og stærð rýma.

7. Kaupsamningur vegna Vífilsstaða 123

Fyrir fundinum lágu til kynningar eftirfarandi gögn varðandi húsnæðið Vífilsstaði 123: kaupsamningur, leigusamningur um lóð, yfirlýsing um kaup- og forkaupsrétt, skýrsla Eflu og áætlun arkitekts. Framlögð gögn eru til upplýsingar um stöðu



Hjallastefnan

málsins en Hjallastefnan hefur átt í viðræðum við Garðabæ og ríkið vegna áhuga á frekari uppbyggingu á Vífilsstaðareitnum.

Stjórn hefur samþykkt kaupsamning við ríkissjóð um fasteignina en yfirlýsing um kaup- og forkaupsrétt hefur hins vegar ekki verið samþykkt af Garðabæ.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að yfirfara málið, gera þarfagreiningu um nýtingu húsnæðisins, yfirfara áætlun um endurbætur og leggja hugmyndir fyrir stjórn.

8. Beiðni frá Hveragerðisbæ varðandi rekstur leikskóla

Framkvæmdastjóri kynnti beiðni frá bærarstjóra Hveragerðis 30. mars sl. um viðræður um aðkomu og/eða ráðgjöf Hjallastefnunnar varðandi rekstur leikskóla og stækkun hans vegna íbúafjölgunar.

+354 555 7020

hjallastefnan@hjalli.is

hjalli.is

Fundi slitið kl. 17:18.
